

Reglur um frístundastyrki fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Hafnarfirði

1.gr.

Markmið með niðurgreiðslum er að hvetja eldri Hafnfirðinga til þátttöku í heilsueflandi íþrótt og tómstundastarfi og efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

2.gr.

Niðurgreiðslur ná til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun. Upphæð niðurgreiðslna er kr. 4000.- fyrir hvern iðkanda á mánuði eða allt að kr 48.000.- í heildargreiðslu á árinu.

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og eru veittar til þeirra sem eru með tekjur samkvæmt skattframtali 2020, samtals undir 391.560.- á mánuði. Framvísa skal frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda eigi síðar en tveim mánuðum eftir að þátttöku í kennslunni/þjálfuninni lýkur.

Árgjald/félagsgjald er greitt í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar, sem þarf að berast fyrir árslok þess árs sem gjaldið nær yfir.

Berist greiðslukvittanir ekki fyrir tilskyldan tíma fellur greiðslan niður.

3.gr.

Skilyrði fyrir veitingu styrks er:

- Iðkandi eigi lögheimili í Hafnarfirði
- Verði 67 ára á árinu eða eldri.
- Stundi íþrótt/tómstundastarf sem stuðli að betri heilsu og hreysti.
- Framvísun frumrits af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda á tilskildum tíma.

4.gr.

Sækja skal um frístundastyrk á mínum síðum hjá Hafnarfjarðarbæ. Niðurgreiðsla er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt.

Samþykkt af fjölskylduráð 5.júní 2020

Samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarða 10.júní 2020